



Borgarráð

Svar við fyrirspurnum áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um viðauka við samkomulag Reykjavíkurborgar og Háskólans í Reykjavík um aukið byggingarmagn og borgarlínustoppistöð, R19120151

Á fundi borgarráðs 14. maí lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

„1. Hver borgar fyrir breytingar á náðhúsinu að Nauthólsvegi 100 eftir samþykkt byggingafrulltrúa Reykjavíkur um breytinga á áður útgefnum aðaluppdráttum sem samþykkt voru árið 2018? 2. Er þessi gjörningur hluti af þessu samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og Háskólans í Reykjavík um aukið byggingarmagn og borgarlínustoppistöð sem kynnt er á fundi borgarráðs þann 14. maí s.l.? 3. Hver ber kostnaðinn af borgarlínustoppistöð, Reykjavíkurborg, Háskólinn í Reykjavík eða ríkið? 4. Hvenær er áætlað að fara í framkvæmdir við borgarlínustoppistöð við Háskólann í Reykjavík? 5. Hvað er áætlað að hún kosti?“ R19120151

Svar:

1. Reykjavíkurborg greiðir ekki fyrir breytingar á náðhúsinu að Nauthólsvegi 100.
2. Framkvæmdir við náðhúsið eru óskildar samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og Háskólans í Reykjavík um aukið byggingarmagn og borgarlínustoppistöð sem samþykkt var á fundi borgarráðs þann 14. maí sl.
3. Borgarlínustoppistöðvar eru hluti af borgarlínu sem er hluti af samgöngusáttmála ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Aðilar að því samkomulagi bera kostnað við borgarlínustoppistöðvar ekki Háskólinn í Reykjavík.
4. Áætlanir gera ráð fyrir að leiðin Hamraborg - Hlemmur sem er með viðkomu við Háskólann í Reykjavík verði tilbúinn í lok árs 2023. Er þessar tímaáætlanir til kynningar í Tjarnarsal Ráðhúss.
5. Áætlanir liggja ekki fyrir vegna einstakra borgarlínustöðva en Verkefnastofa Borgarlínu sinnir undirbúningi fyrstu framkvæmda Borgarlínu.

Óli Jón Hertervig